

## 16. gr.

Reglur þessar, sem settar eru með skírskotun til 8. gr. laga nr. 107/1970, um félagsheimili, öðlast gildi þegar menntamálaráðuneytið hefur staðfest þær.

Borgarfirði, 16. júní 1973,

Í eigendafélagi félagsheimilisins.

Ásgrímur Ingi Jónsson. Helgi Magnús Arngrímsson.  
Hannes Óli Jóhannsson. Hörður Björnsson.  
Magnús Þorsteinsson. Jóhanna Borgfjörð.  
Ásta Jónsdóttir.

Reglur þessar, sem settar eru með skírskotun til 8. gr. laga nr. 107/1970, um félagsheimili, öðlast þegar gildi.

*Menntamálaráðuneytið, 27. júní 1973.*

F. h. r.

Birgir Thorlacius.

Árni Gunnarsson.

30. júní 1973.

Nr. 220.

## REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð um skráningu sérlyfja nr. 48 20. maí 1964,  
sbr. reglugerð um breyting á þeirri reglugerð nr. 295/1968.

### 1. gr.

7. gr. 1. mgr. reglugerðarinnar orðist svo:  
Greiða skal gjald að upphæð kr. 3 000.00 fyrir hverja umsókn um skráningu sérlyfs sbr. 3. gr.

### 2. gr.

8. gr. reglugerðarinnar orðist svo:  
Af hverju formi sérlyfs, sbr. 9. og 19. gr., sem er á sérleyfisskrá 1. janúar ár hvert, skal greiða 1 000.00 króna árgjald, er greiðist til sérlyfjasjóðs fyrir 1. febrúar ár hvert.  
Reglugerð þessi er sett samkvæmt 62. gr. lyfsölulaga nr. 30 29. apríl og öðlast þegar gildi.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 30. júní 1973.*

Magnús Kjartansson.

Páll Sigurðsson.